

Umsögn

um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga.

Frá fjárlaganefnd.

Hinn 27. janúar 2015 óskaði stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis eftir umsögn fjárlaganefndar um frumvarp til laga um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga (307. mál).

Óskað var eftir að umsögnin bærist eigi síðar en 16. febrúar en að beiðni fjárlaganefndar var fresturinn framlengdur ótímabundið. Fjárlaganefnd veitir hér með umsögn um einstakar lagagreinar eftir því sem þörf þykir en áður vill nefndin vekja athygli á eftirfarandi:

Fjárlaganefnd telur að fyrirsögn frumvarpsins eigi að vera „Frumvarp til laga um Ríkisendurskoðun“. Það heiti lýsi lögnum betur en núverandi heiti þar sem hlutverk stofnunarinnar er mun víðfeðmara en að endurskoða ríkisreikning. Þá telur fjárlaganefnd ástæðulaust að persónugera stofnunina með því að kenna hana við þann embættismann sem veitir henni forstöðu. Þessi breyting mun hafa áhrif á ýmsum stöðum í frumvarpinu en ekki er nauðsynlegt að tilgreina allar þær breytingar hér.

Fjárlaganefnd vekur athygli á að nefndin hefur til umfjöllunar frumvarp um opinber fjármál sem mun hafa mikil áhrif á starfsemi Ríkisendurskoðunar. Svo virðist sem frumvarp um Ríkisendurskoðun hafi verið samið án þess að hafa frumvarp um opinber fjármál til hliðsjónar. Fjárlaganefnd telur að afgreiða beri frumvörpin samhliða. Má í því sambandi nefna að ekki liggur ljóst fyrir hvort Ríkisendurskoðun mun endurskoða framsetningu ríkisreiknings samkvæmt hagskýrslustaðli GFS, en eins og frumvarpið lítur út í dag munu bæði fjárlög og síðan ríkisreikningur verða sett fram samkvæmt þeim staðli.

Í 4. tölul. 8. gr. laga nr. 86/1997, um Ríkisendurskoðun, kemur fram að eitt af hlutverkum stofnunarinnar er: „Að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.“ Í frumvarpinu um stofnunina er ekki getið um þetta hlutverk en mikil áhersla er lögð á mælingar á árangri af starfsemi ríkisins og stofnana þess í frumvarpi um opinber fjármál. Fjárlaganefnd telur að skoða þurfi hlutverk Ríkisendurskoðunar ítarlegar í þessu sambandi áður en frumvarp um stofnunina verður afgreitt til annarrar umræðu.

Um 1. gr.

Fjárlaganefnd telur að orðið „trúnaðarmaður“ eigi að falla út í 2. málsl. 1. mgr. og orðist hún því svo: „Hann er ábyrgur gagnvart því við endurskoðun og eftirlit með rekstri og fjármálum ríkisins.“ Fjárlaganefnd vekur öðru sinni athygli á því að breytingartillögur nefndarinnar kalla ýmist á aðrar breytingar á frumvarpinu eða að viss ákvæði þess kunna að verða óþörf. Sem dæmi má nefna að 1. másl. 2. mgr. virðist verða óþarfur en hann hljóðar svo: „Skrifstofa ríkisendurskoðanda nefnist Ríkisendurskoðun og fer hann með stjórn hennar.“ Þar sem stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd er með frumvarpið til meðferðar er það utan umsagnar fjárlaganefndar að gera grein fyrir öllum afleiddum breytingum.

Um 2. gr.

Fjárlaganefnd leggur til að 2. másl. 1. mgr. falli niður en hann hljóðar svo: „Hann skal hafa löggildingu sem endurskoðandi og má ekki vera alþingismaður.“ Nefndin telur óþarft að ríkisendurskoðandi sé löggiltur endurskoðandi þar sem hlutverk stofnunarinnar sé mun víðtækara en að annast fjárhagsendurskoðun. Krafa um löggildingu kann allt eins að koma í veg fyrir að færustu sérfræðingar geti sótt um starfið. Þá bendir nefndin á að ríkisendurskoðendur norrænu ríkjanna eru yfirleitt ekki löggiltir endurskoðendur. Nefndin telur einnig óþarft að tilgreina það skilyrði að ríkisendurskoðandi megi ekki vera alþingismaður þar sem það komi hvort sem er aldrei til greina að starfandi alþingismaður gegni stöðu ríkisendurskoðanda.

Fjárlaganefnd leggur til að bætt verði inn nýrri málsgrein sem skyldi Alþingi til að auglýsa opinberlega með áberandi hætti stöðu ríkisendurskoðanda lausa til umsóknar. Markmiðið er að tryggja að hæfustu umsækjendur geti sótt um þetta mikilvæga embætti á jafnræðisgrunni. Það er síðan hlutverk Alþingis að tryggja faglega úrvinnslu umsókna.

Um 3. gr.

Fjárlaganefnd leggur til að kannað verði hvort ástæða sé til að breyta 2. mgr. Í stað þess að ríkisendurskoðandi geri tillögur að úrbótum, skipuleggi bættu stjórnsýslu o.fl. mætti orða greinina þannig að *hann leggi til að gerðar verði úrbætur*. Ríkisendurskoðun á eðli máls samkvæmt erfitt með að leggja fram fullmótaðar tillögur um hvernig rekstri skuli hagað því að þar með kann stofnunin að vera orðin hluti af framkvæmdarvaldinu og á því ekki auðvelt með að skoða málin hlutlaust næst þegar hún kemur að þeim. Fjárlaganefnd telur einnig að Ríkisendurskoðun þurfi að fara varlega við tillögugerð við að skýra ábyrgð, feli greinin í sér tillögu um að stofnunin hanni nýtt skipurit fyrir þann aðila sem til skoðunar er. Þessi markmið koma m.a. fram í 19. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, en í þeim segir: „Endurskoðanda er óheimilt að taka þátt í ákvörðunum stjórnar eða stjórnenda þess aðila sem hann endurskoðar.“

Um d-lið 1. mgr. 4. gr.

Í athugasemdum við 4. gr. segir m.a.: „Í 3. málsl. 2. mgr. 6. gr. gildandi laga er gert ráð fyrir því að Ríkisendurskoðun *endurskoði* reikninga vegna samninga um rekstrarverkefni sem ríkið kann að gera við sveitarfélög eða einkaaðila og fela í sér að þeir annist lögboðna þjónustu er ríkissjóði ber að greiða fyrir. Í d-lið 1. mgr. greinarinnar hefur orðalag verið einfaldað. Meginatriðið er að ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með því hvernig fjármunum ríkissjóðs er eða hefur verið varið, hvernig samningsaðili rækir skyldur sínar samkvæmt samningi, en þar á meðal geta verið verksamningar eða samningar um rekstrarverkefni (rekstrar- og þjónustusamningar) og svonefndir styrkta og samstarfssamningar, og hver hefur verið árangur af starfi hans. Getur ríkisendurskoðandi þannig framkvæmt hefðbundna fjárhagsendurskoðun og stjórnýsluendurskoðun hjá samningsaðilum.

Skoðunarheimildir ríkisendurskoðanda miðast þá við að afla upplýsinga um meðferð og ráðstöfun þeirra fjármuna sem um er að ræða en ekki að annast sjálfstæða endurskoðun á bókhaldi samningsaðilans.“ (Skáletranir eru frá fjárlaganefnd).

Í 2. tölul. 1. gr. laga um endurskoðendur, nr. 79/2008, er endurskoðun skilgreind:

„*Endurskoðun*: Óháð og kerfisbundin öflun gagna og mat á þeim í þeim tilgangi að láta í ljós rökstutt og faglegt álit endurskoðanda um áreiðanleika þeirra og framsetningu í samræmi við lög, settar reikningsskilareglur eða önnur skilyrði sem fram koma í álitserðinni.“

Fjárlaganefnd beinir því til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að kanna hvort hér gæti mótsagna og hvort ekki sé eðlilegt að taka af allan vafa um það að Ríkisendurskoðun geti beitt hefðbundnum aðferðum endurskoðunar til að komast að niðurstöðu um fyrrgreind verkefni í stað þess að geta einungis aflað upplýsinga með almennum hætti.

Fjárlaganefnd beinir þeim tilmælum til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að kanna hvort skoðunarheimildir Ríkisendurskoðunar séu fullnægjandi til að endurskoða þessi verkefni og meta árangur þeirra.

Um f-lið 1. mgr. 4. gr.

Að mati fjárlaganefndar mætti meta kosti þess að breyta málsgreininni á þann hátt að Ríkisendurskoðun endurskoði ársreikninga alþjóðastofnana sem Ísland er aðili að einungis í þeim tilfellum sem það er nauðsynlegt.

Um g-lið 1. mgr. 4. gr.

Um þetta segir í athugasemdum um 4. gr.: „Í g-lið 1. mgr. er loks tekið fram að starfssvið ríkisendurskoðanda taki einnig til þess að hafa eftirlit með starfsemi og árangri ríkisaðila, en þar er vísað til stjórnýsluendurskoðunar, sbr. 6. gr. frumvarpsins. Rétt þykir að taka þetta atriði sérstaklega fram í greininni.“ Í 4.

tölul. 8. gr. gildandi laga um Ríkisendurskoðun kemur fram að eitt af markmiðum fjárhagsendurskoðunar er: „Að kanna og votta áreiðanleika kennitalna um umsvif og árangur af starfsemi stofnana birtist þær með ársreikningi.“ Í athugasemdum við 5. gr. frumvarpsins segir um kennitölurnar: „Ekki er þörf á að tilgreina slíkt sérstaklega í lögum. Þó ber að hafa í huga að slíkar kennitölur eru almennt ekki af sama meiði og kennitölur um fjárhagslegan árangur af atvinnurekstri á einkamarkaði, sbr. enn fremur umfjöllun um 21. gr. frumvarpsins.“ Fjárlaganefnd vísar til fyrirliggjandi frumvarps um opinber fjármál þar sem lögð er áhersla á að mæla árangur af starfsemi ríkisins. Fjárlaganefnd telur mikilvægt að stofnanir ríkisins setji sér árlega mælanleg markmið til að meta árangur og gæði starfseminnar. Til að tryggja sem árangursríkasta markmiðasetningu og árangursmælikvarða er mikilvægt að óháðir sérfræðingar bregði reglulega máli á þessa mælikvarða og meti gæði þeirra og um leið árangurinn af starfsemi ríkisins. Í ljósi þess að stjórnsýsluendurskoðun nær til tiltölulega fárra verkefna ár hvert miðað við fjárhagsendurskoðun má spyrja hvort ekki þurfi að taka umfjöllunina í athugasemdinni til endurskoðunar. Ef mælikvarðar eru ekki settir, með hvaða hætti vill Alþingi að stjórnendur gangi úr skugga um hvort regluleg starfsemi ríkisstofnana sé markviss og árangursrík? Erfiðara er fyrir Alþingi og aðra að meta árangur ríkisstofnana og ríkisfyrirtækja ef þau birta sjálf ekki neina árangursmælikvarða.

Um 2. mgr. 4. gr.

Fjárlaganefnd telur að endurskoðunarstofur hafi heimild til að kanna árshlutareikninga, sé eftir því leitað, og beinir þeirri ábendingu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að athuga hvort 2. mgr. sé óþörf.

Um 3. mgr. 4. gr.

Fjárlaganefnd telur rétt að farið verði yfir forsendur þess að Alþingi greiði eitt A-hluta stofnana fyrir endurskoðun þar sem vinna við hana er hluti af fjárveitingum til Ríkisendurskoðunar. Í athugasemdum við 4. gr. segir m.a.: „Kostnaður vegna endurskoðunar reikninga Alþingis hefur til þessa fallið á Ríkisendurskoðun líkt og er með endurskoðun reikninga ríkisaðila í A-hluta ríkisreiknings. Sá kostnaður sem af þessu hlýst fyrir Alþingi er óverulegur, en áætlað er að hann nemi vinnu eins endurskoðanda í eina viku.“

Í greininni er ekki getið með beinum hætti um hlutverk Ríkisendurskoðunar við eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Fjárlaganefnd telur rétt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd kanni hvort með frumvarpinu sé gert ráð fyrir að fjárlaganefnd annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga án þess að Ríkisendurskoðun beri skylda til að aðstoða hana með beinum hætti við það verkefni. Um starfssvið Ríkisendurskoðunar segir í greinargerð: „Ekki er vísað sérstaklega til þess að ríkisendurskoðandi skuli annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Er í því sambandi bent á að til fjárhagsendurskoðunar telst m.a. að kanna hvort rekstur og umsvif þeirra sem falla undir starfssvið ríkisendurskoðanda séu í samræmi við

heimildir fjárlaga, fjáráukalaga og annarra laga, sbr. c-lið 5. gr. frumvarpsins. Þá er nú tekið fram í 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um þingsköp Alþingis, nr. 55/1991, að fjárlaganefnd annist eftirlit með framkvæmd fjárlaga.“ Felld eru brott ákvæði í 1. gr. núgildandi laga um Ríkisendurskoðun, nr. 86/1997, sem segja um þetta hlutverk stofnunarinnar: „Enn fremur skal hún annast eftirlit með framkvæmd fjárlaga og vera þingnefndum til aðstoðar við störf er varða fjárhagsmálefni ríkisins.“

Þá segir um þetta í greinargerðinni: „Ekki er vísað sérstaklega til þess að ríkisendurskoðandi skuli hafa eftirlit með framkvæmd fjárlaga, en í því sambandi er nú tekið fram í 5. tölul. 1. mgr. 13. gr. laga um þingsköp Alþingis að fjárlaganefnd annist eftirlit með framkvæmd fjárlaga. Ljóst er eigi að síður í þessu samhengi að í fjárhagsendurskoðun felst að ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með því að fjárlögum og fjáráukalögum sé fylgt.“

Fjárlaganefnd vísar einnig til athugasemda við 5. gr. og telur að meta þurfi hvort hér sé átt við almenn markmið og almennan tilgang fjárhagsendurskoðunar en ekki þau sértæku sem felast í heildstæðu beinu eftirliti með framkvæmd fjárlaga og tilheyrandi gagnasöfnun og framsetningu skýrslna, en þess ber að minnast að Ríkisendurskoðun hefur þurft eðlilegan tíma til að vinna slíkar skýrslur og greinargerðir sem kunna að heyra fortíðinni til. Sýnist ekki augljóst að leggja þetta tvennt að jöfnu. Fjárlaganefnd beinir þeim tilmælum til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að meta með hvaða hætti þessi breyting hefur áhrif á eftirlit Alþingis með framkvæmd fjárlaga.

Um 5. gr.

„Fjárhagsendurskoðun ríkisendurskoðanda tekur mið af eftirfarandi:

a. að reikningsskil gefi glögga mynd af rekstri, fjárhagslegri stöðu og breytingu á henni á árinu í samræmi við settar reikningsskilareglur fyrir opinbera aðila,“

Í riti Félags löggiltra endurskoðanda um endurskoðandann, umhverfi, hlutverk og ábyrgð, sem gefið var út 18. janúar 2011, segir m.a.: „Með áritun sinni staðfestir endurskoðandinn að reikningsskilin séu í öllum veigamiklum atriðum í *samræmi* við viðeigandi lög og reikningsskilareglur. Til að hafa ávinning af lestri ársreiknings þurfa lesendur að hafa þekkingu á lögum og stöðlum er lúta að gerð ársreikninga og helstu reikningsskilareglum. Einnig verða lesendur að vita hvað felst í endurskoðun og áritun endurskoðanda.“

Fjárlaganefnd beinir þeirri ábendingu til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að meta hvort skýra þurfi betur hvað felst í því að fjárhagsendurskoðun *taki mið af* a-c-liðum. Í því samhengi telur fjárlaganefnd rétt að skoða 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins en samkvæmt henni skal endurskoðun unnin í samræmi við viðurkennda endurskoðunarstaðla og verklagsreglur sem gilda um endurskoðun hjá opinberum aðilum *eftir því sem við á*. Fjárlaganefnd telur að meta þurfi hvort fyrrgreind orð eigi að falla niður í 1. mgr. 9. gr. frumvarpsins. Þar sem markmið endurskoðunarinnar eru að ganga úr skugga um að uppgjör uppfylli ákveðin skilyrði telur fjárlaganefnd að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þurfi að leggja

mat á hvort fyrrgreindir lagatextar ættu að vera afdráttarlausari. Í því sambandi mætti kanna hvort endurskoðunin *skuli* unnin í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla ISSAI sem alþjóðasamtök ríkisendurskoðenda hafa samþykkt. Einnig hvort endurskoðun fyrirtækja í meirihlutaeign ríkisins ætti að fara fram í samræmi við ISA (International Standards on Auditing).

Um 6. gr.

Fjárlaganefnd bendir stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd á að leggja mat á hvort til hagsbóta gæti verið að líta á sveitarfélögin sem stjórnvald í skilningi þessa ákvæðis frumvarpsins.

Um 7. gr.

Fjárlaganefnd beinir því til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að leggja mat á áhrif þess á faglegt starf Ríkisendurskoðunar feli hún aðilum utan stofnunarinnar í ríkum mæli að endurskoða þau verkefni sem eru mest krefjandi út frá reikningsskila- og endurskoðunarstöðlum. Ef flóknustu verkefni eru unnin hjá öðrum aðilum verður tæplega til eins mikil þekking á því umhverfi og yrði ef stofnunin sjálf annaðist verkið.

Að mati fjárlaganefndar vantar inn í frumvarpið skýr ákvæði þess að þeim aðilum sem falin er endurskoðun eða sérfræðiverkefni í umboði Ríkisendurskoðunar beri að veita eftirlitsnefndum þingsins upplýsingar sem þær óska eftir án endurgjalds.

Um 10. gr.

Fjárlaganefnd telur að skýra þurfi hvað felst í heimildum ríkisendurskoðanda til að geta *skoðað* reikningsskil sveitarfélaga og stofnana og félaga sem ríkissjóður á hlut í. Nefndinni virðist sem þessi heimild sé veigaminni en heimild til endurskoðunar og ekki nægjanleg í ljósi þess að hér er um almannafé að ræða.

Um 12. gr.

Fjárlaganefnd telur að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þurfi að kanna gaumgæfilega hvort ákvæði greinarinnar gangi skemmra en ásættanlegt er fyrir eftirlitsnefndir Alþingis. Í því sambandi telur nefndin að kanna þurfi hvort ríkisendurskoðanda ætti að vera *skylt* að afhenda fjárlaganefnd og stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd allar upplýsingar sem þær óska eftir. Samhliða því beinir fjárlaganefnd því til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að athuga vel hvort eftirlitsnefndir þingsins geti unnið starf sitt hafi þær ekki aðgang að öllum fjárhagsupplýsingum um starfsemi ríkisins sem og upplýsingum sem unnið hefur verið úr af sérfræðingum Ríkisendurskoðunar.

Um 14. gr.

Fjárlaganefnd telur í ljósi greinargerðar frumvarpsins að kanna þurfi hvort vísa ætti með beinum hætti til 13.-17. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993.

Um 16. gr.

Fjárlaganefnd beinir því til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að meta að hve miklu leyti rétt sé að Ríkisendurskoðun *geri tillögur til úrbóta* eða hvort betur færi á því að stofnunin legði með almennum hætti til *að gerðar væru úrbætur* á því sem betur mætti fara, sbr. c-lið. Fjárlaganefnd bendir á að ekki má skapast hætta á því að Ríkisendurskoðun endurskoði síðar eigin tillögur til úrbóta því slíkt kann að geta vegið að óhæði stofnunarinnar.

Fjárlaganefnd telur rétt að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd meti hvort ástæða sé til að skv. 3. mgr. *skuli* ríkisendurskoðandi senda Alþingi skýrslur sínar, greinargerðir og endurskoðunarbréf og birta opinberlega. Ef hins vegar er um að ræða málefni sem leynt skuli fara samkvæmt lögum vegna opinberra hagsmuna eða einkahagsmuna geti Ríkisendurskoðun óskað trúnaðar, sbr. 2. mgr. 50. gr. laga um þingsköp Alþingis nr. 55/1991.

Þá telur nefndin að stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd þurfi að meta hvort í lokamálgreininni sé réttara að taka fram að ríkisendurskoðandi *skuli* vísa máli til rannsóknar hjá lögreglu ef tilefni er til þess, sbr. 5. mgr. 12. gr., í stað þess að hann *geti* það.

Um 17. gr.

Fjárlaganefnd telur að breyta beri 1. mgr. þannig að ríkisendurskoðanda beri að veita þingnefndum upplýsingar þegar eftir því er óskað af forsætisnefnd Alþingis. Verði niðurstaða stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að hafa ákvæði greinarinnar óbreytt telur fjárlaganefnd mikilvægt að fyrir liggi með hvaða hætti bregðast skuli við þegar þingnefndir þarfnast mikilvægra sérfræðiupplýsinga sem stofnunin hefur hingað til útvegað en ákveði á grundvelli sjálfstæðis síns að veita ekki.

Um 19. gr.

Fjárlaganefnd leggur til að 1. mgr. orðist svo: Launakjör ríkisendurskoðanda skulu ákveðin af kjararáði.

Nefndin er ósammála því að þau eigi að taka mið af launum hæstaréttardómara. Þá leggur nefndin til að 2. másl. 1. mgr. falli niður þar sem nefndin telur að ríkisendurskoðandi eigi ekki að hafa rétt til biðlauna. Þá er bent á að ekki er getið um tímamörk biðlaunanna í frumvarpinu. Nefndin leggur einnig til að 2. másl. 2. mgr. falli niður þar sem það sé ríkisendurskoðanda að ráða sér staðgengil, kjósi hann svo. Einnig leggur nefndin til að 3. másl. falli niður þar sem forsætisnefnd eigi ekki að staðfesta ráðningu annars starfsfólks Ríkisendurskoðunar.

Um 20. gr.

Fjárlaganefnd beinir því til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að meta hvort rétt sé að geta í lagatexta heimilda sem Ríkisendurskoðun hefur til að vera aðili að alþjóðasamtökum ríkisendurskoðana og öðrum samtökum. Í öðru lagi að meta hvort Ríkisendurskoðun ætti fremur að vera *skylt en ekki einungis heimilt* að innleiða alþjóðlega samþykktu endurskoðunarstaðla. Þá telur nefndin einnig að meta þurfi hvort og þá með hvaða hætti Ríkisendurskoðun innleiði alþjóðlega (eða innlenda) *gæðastaðla* um endurskoðun og aðra starfsemi stofnunarinnar.

Um 21. gr.

Fjárlaganefnd beinir því til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar að kanna vel hvað felist í því að lög um endurskoðendur taki ekki til Ríkisendurskoðunar. Þó taka ákvæðin til þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem annast tiltekna endurskoðun. Einnig þarf að meta greinina vel verði tillaga fjárlaganefndar um að ríkisendurskoðandi þurfi ekki að vera löggiltur endurskoðandi að veruleika.

Guðlaugur Þór Þórðarson, Oddný G. Harðardóttir og Bjarkey Olsen Gunnarsdóttir voru fjarverandi við afgreiðslu umsagnarinnar.

Alþingi 15. apríl 2015.
Vigdís Hauksdóttir,
Ásmundur Einar Daðason,
Brynhildur Pétursdóttir,
Haraldur Benediktsson,
Karl Garðarsson,
Valgerður Gunnarsdóttir